

Nr. 048 / 11 Núpur HF 56***Fær í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6526
Smíðaður: Vogar 1979 plast
Stærð: 3,2 brl. 4,1 bt.
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,9 m
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,01 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 3



Núpur ©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælsyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sömnargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. apríl 2011 var Núpur HF 56 á siglingu fyrir utan Reykjavíkurhöfn. Veður: V 1 m/sek.

Á siglingunni fékk báturinn tóg í skrúfuna og óskuðu bátsverjar eftir aðstoð. Skoðunarskipið Faxi var þar skammt undan og dró hann Núp HF inn til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að um var að ræða um 20-30 mm og 10-15 m langt og sennilega fastsetningartóg sem flaut í sjónum u.þ.b. 0,5 sml. frá innsigliinni;
- að legufæri voru tiltæk um borð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.